

1. gr.

130

Aftan við 2. gr. laga nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu, komi tvær nýjar greinar, 3. okt.
er verði 3. og 4. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því. Greinarnar orðist þannig:

3. gr. Íbúðarherbergi má ekki taka til annarar notkunar en íbúðar og íbúðarhús má ekki rífa, nema heilbrigðisnefnd banni að nota þau til íbúðar. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) getur þó veitt sérstakt leyfi til þessa og sett það skilyrði, að húseigandi sjái um jafnmikla aukningu á húsnæði til íbúðar annars staðar í hlutaðeigandi kaupstað, kaптúni eða sveit.

4. gr. Húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) skal heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Áður en nefndin tekur íbúð til umráða, skal hún setja húseiganda hæfilegan frest til að ráðstafa íbúðinni til afnota handa húsnæðislausum innan-héraðsmanni. Geri hann þetta ekki, skal nefndin rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúðin skuli tekin og ákveða leiguupphæð, leigutíma og annað, sem þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Á sama hátt og segir í 1. mgr. er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. október 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

AUGLÝSING

131

um samkomulag um að íslensk skip og vörur skuli njóta beztu kjara í
Bandaríkjum Ameríku og gagnkvæmt.

25. okt.

Í samræmi við erindi, er farið hafa á milli ræðismanns Bandaríkja Ameríku á Íslandi og utanríkismálaráðuneytisins, dags. 12. og 17. sept. 1940, hefir forseti Bandaríkjanna þann 30. s. m. birt tilkynningu þess efnis, að engin aukagjöld skuli krafín af íslenskum skipum, né vörum fluttum með þeim, í Bandaríkjum Ameríku frá 13. sept. 1940 að telja, enda gildi sama af Íslands hálfu gagnvart skipum Bandaríkjanna og vörum fluttum með þeim.

Utanríkismálaráðuneytið, 25. október 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.